

Nd.

406. Frumvarp til laga

[194. mál]

um setningu reglna um íslenska stafsetningu.

Frá menntamálaráðherra.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um íslenska stafsetningu. Skulu þær gilda um stafsetningarkennslu í skólum, um kennslubækur útgefnar á kostnað ríkisins eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn sem út eru gefin.

2. gr.

Um setningu reglna samkvæmt 1. gr. skal ráðuneytið leita tillagna nefndar, sem skal þannig skipuð: Einn tilnefndur af deildarráði heimspekideildar Háskóla Íslands úr hópi fastra kennara háskólans í íslenskri málfræði, þ. e. prófessora, dósentar og lektora, annar tilnefndur af Íslenskri málnefnd úr hópi nefndarmanna, en hinn þriðji af stjórn Félags íslenskra fræða, og skal hann vera móðurmálskennari á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.

Heimilt er ráðuneytinu að leita umsagnar um tillögur nefndarinnar hjá öðrum sérfróðum aðilum um íslenska tungu og móðurmálskennslu.

3. gr.

Við framkvæmd laga þessara skal þess gætt að stuðlað sé að æskilegri festu í stafsetningu og reglum ekki breytt örar en nauðsynlegt þykir til samræmis við eðlilega málþróun.

4. gr.

Áður en settar eru stafsetningarreglur eða gerðar breytingar á þeim, skal aflað heimildar sameinaðs Alþingis í formi þingsályktunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að setja ákveðin fyrirmæli um hvernig standa skuli að því að setja reglur um íslenska stafsetningu. Ekki þykir eðlilegt að binda það í löggjöf, hvernig stafsetningu skuli háttað, heldur séu um það ákvæði í lögum hvernig ákvörðun um þau efni skuli bera að. Engin löggjöf er nú í gildi um þessi mál og hafa því auglýsingar þær um íslenska stafsetningu sem út hafa verið gefnar þrisvar eða öllu heldur fjórum sinnum á þessari öld, ekki átt við lagafyrirmæli að styðjast. Auglýsingar þær, sem hér um ræðir, eru þessar:

- 1) Auglýsing nr. 15/1918, um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum,
- 2) Auglýsing um íslenska stafsetningu, sbr. Lögbirtingablað nr. 9, 22. ár, 28. febrúar 1929,
- 3) Auglýsing nr. 272/1973, um afnám z, og
- 4) Auglýsing nr. 132/1974, um íslenska stafsetningu.

Þess ber að geta að auglýsing um afnám z, nr. 272/1973, var felld inn í auglýsingu nr. 132/1974 með mjög smávægilegum breytingum, einkum orðalagsbreytingum.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um, að menntamálaráðuneytið setji reglur um íslenska stafsetningu, og gildissvið slíkra reglna skilgreint.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipun nefndar, sem leitað skuli til um tillögur áður en stafsetningarreglum sé breytt. Gert er ráð fyrir, að í nefndinni sitji menn með sérþekkingu á íslenskri tungu og reynslu af kennslu móðurmálsins. Um verkefni Íslenskrar málnefndar, sem er einn tilnefningaraðila, er vísað til reglna um starfsemi hennar, nr. 49/1965 (sbr. og auglýsingu nr. 32/1966), sem prentaðar eru með frumvarpinu sem fylgiskjal.

Síðari málsgrein greinarinnar lýtur að því, að ráðuneytið geti leitað umsagnar um tillögur nefndarinnar hjá ýmsum sérfróðum aðilum, ef ástæða þykir til.

Um 3. gr.

Hér er lögð áhersla á að festa sé æskileg í stafsetningu, og er greininni ætlað að tryggja, að þeirra sjónarmiða verði gætt við framkvæmd laganna.

Um 4. gr.

Með þessu ákvæði er ætlast til, að þær stafsetningarreglur eða breytingar á þeim, sem menntamálaráðuneytið hyggst gefa út að fengnum tillögum sérfræðinga, sbr. 2. gr., verði hverju sinni lagðar fyrir sameinað Alþingi sem fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um heimild handa ráðherra til þess að setja nýjar reglur eða breyta gildandi reglum. Þannig er reynt að tryggja hvort tveggja, að sjónarmið sérfræðinga njóti sín, en verði þó ekki gerð gildandi án þess að Alþingi hafi kynnt sér þau og samþykkt.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

REGLUR
um starfsemi Íslenzkrar málnefndar.
(Nr. 49/1965.)

Með bréfi, dags. 30. júlí 1964, hefur menntamálaráðuneytið stofnað nefnd, sem vinna á að íslenzku málverndarstarfi. Þessari nefnd, sem bera skal nafnið **Íslenzk málnefnd**, eru settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Íslenzk málnefnd er ráðgjafarstofnun. Henni ber að veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málleg efni á fræðilegum grundvelli.

Af sérstökum verkefnum, sem henni ber að sinna, skulu þessi talin:

1. Nefndin skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýyrða og við nýyrðasmíði. Auk þess skal hún leitast við að fylgjast með því, hver nýyrði ná festu í málinu.
2. Nefndin skal hafa samvinnu við nýyrðanefndir, sem einstök félög eða stofnanir hafa sett á fót, og vera þeim til aðstoðar.
3. Nefndin skal svara fyrirspurnum, sem henni berast frá stofnunum eða einstaklingum, og leitast við að hafa góða samvinnu við aðilja, sem mikil áhrif hafa á málfar almennings, svo sem blöð, útlit og skóla. Allar fyrirspurnir og svör skulu geymd í plöggum nefndarinnar.
4. Nefndin skal hafa samstarf við norrænu málnefndirnar og senda fulltrúa á hin árlegu þing þeirra, ef við verður komið.

Auk þess getur ráðuneytið falið málnefndinni önnur verkefni, sem varða íslenzkt mál, svo sem stafsetningarmál, ráðgjafarstarf um útgáfu handbóka og kennslubóka o. s. frv.

2. gr.

Í Íslenzkri málnefnd skulu eiga sæti 3 aðalmenn og 1 varamaður, skipaðir af menntamálaráðherra. Skulu 2 aðalmenn vera kennarar í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands eða starfsmenn við stofnanir háskólans.* A. m. k. einn aðalmanna skal hafa lokið háskólaprófi í íslenzkri málfræði sem sérgrein. Skipunartíni nefndarinnar er 4 ár. Nefndin kýs sér formann.

3. gr.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun til nefndarmanna, svo og til sérfræðinga, sem nefndin leitar til. Formaður annast fjárreiður nefndarinnar og gefur ráðuneytinu árlega skýrslu um þær. Hann ræður aðstoðarmann í samráði við nefndina og semur um þóknun til hans í samráði við menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið, 10. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

* Sbr. auglýsingu nr. 32/1966.